

Kveðið úr kirkjuturni

Í sumar mátti heyra undarlegan sönglanda hljóma úr turni Siglufjarðarkirkju og berast yfir miðbæinn tvisvar á dag enda vakti það furðu heimafólks jafnt sem ferðamanna. Það upplýstist um síðir að um „listrænan gjörning“ var að ræða, ætluðum gestum Þjóðlagahátíðar í júlíbyrjun. Gústaf Daníelsson kvað þar gegnum hátalarakerfi gamla stemmu um ellina; þegar fátt annað væri eftir en yndið af því að yrkja vísur. [Hér](#) er það.

Rök þeirra sem stóðu að gjörningnum voru þau að hvar ætti þessi gamla tónlistarhefð betur við en í bæ sr. Bjarna Þorsteinssonar, þess mikla þjóðlagasafnara – og frá kirkjunni sem var reist í hans tíð og hann þjónaði í fyrstur presta?

En hvernig kom þessi hugmynd til? Tíðindamaður hafði upp á þeim tveimur sem stóðu fyrir gjörningnum, Örlygi Kristfinnssyni myndasmið og Gunnari Smára Helgasyni hljóðmeistara.

Örlygur verður fyrst til svara: „Jú, forsagan er þannig að undanfarin ár hefur Kvæðamannafélagið Ríma í Fjallabyggð starfað af miklum krafti undir leiðsögn Rúnu Ingimundardóttur tónlistarkonu. Einn félaganna er Gústi Dan, eins og við köllum hann, eigandi Egils sjávarafurða, og hann hefur lagt það í vana sinn þegar hann tekur þátt í matvælakynningum á erlendri grundu að kveða íslenskar stemmur fyrir viðskiptavinum sína – og er þess jafnan beðið með eftirvæntingu að smakka reyktu og grafna laxinn hans við rammíslenskan rímnasöng – þegar menn treysta viðskiptasamningana.

Á einni slíkri matvælaráðstefnu í Kaupmannahöfn í vor kvaddi Gústi sér hljóðs í virðulegu kvöldverðarboði og fór með eina forna stemmu um ellina og yrkingar. Í veislulok þakkaði Júlíus Hafstein sendiherra fyrir sönginn og óskaði þess að hann hefði Gústa með í ferðum sínum um heiminn. Einnig vék danskur maður

sér að Gústa og spurði hvort hann hefði heyrði rétt, að það hafi verið íslenskt þjóðlag sem hann söng, þetta hafi nefnilega hljómað eins og bænakall múslíma?

Eftir heimkomu sagði Gústi frá þessu atviki og einhvern tíma á góðri stundu þegar sagan var rifjuð upp fæddist hugmyndin og ég stakk upp á að við fengjum Gunnar Smára hljóðmann Íslands, eins og hann hefur oft verið nefndur, til liðs við okkur og við útvörpuðum laginu yfir bæinn á Þjóðlagahátíðinni. Þetta væri gert á laun og sem nokkurskonar hrekkur og ætti að koma Gunnsteini Ólafssyni á óvart og öðrum þeim sem stóðu fyrir hátíðinni.

Skemmst er frá því að segja að hugmyndin varð að veruleika og mæltist gjörningurinn svo vel fyrir meðal margra bæjarbúa að ákveðið var að leyfa honum að lifa út sumarið, með góðfúslegu leyfi þeirra sem málefnum Siglufjarðarkirkju ráða.

Við skiptum reyndar um stef eftir einhvern tíma, sjö mismunandi lög voru þá kveðin af sex félögum Kvæðamannafélagsins Rímu í Fjallabyggð – þremur Siglfirðingum, tveimur Ólafsfirðingum og einum Akureyringi – eitt lag hvern dag, klukkan 15.15 og 18.15, fram til 15. september.“

Gunnar Smári tekur undir þetta: „Þegar Örlygur nefndi hugmyndina við mig sagði ég umsvifalaust „Já, þetta gerum við“, án þess að vera búinn að hugsa til enda tæknilega lausn á verkefninu. Við hljóðrituðum flutninginn og eftir örlitla umhugsun ákvað ég að nota örtölvu (Raspberry Pi) sem spilara og fékk svo lánaðan nokkuð öflugan hátalara hjá formanni karlakórsins í Fjallabyggð, Ægi Bergs. Síðan þurfti að koma Internettengingu í turninn til að sjá til þess að allt gerðist á nákvæmlega réttum tímum og það var gert með þráðlausum netbúnaði frá útvarpi Trölla sem er staðsett nokkrum húsum frá turninum. Ég hafði mjög gaman af því að fá að vera hluti af þessum gjörningi og vona að þetta megi vera fastur liður í blómlegu menningarlífi okkar hér á Siglufirði.“

Eins og hér kemur fram lýstu margir Siglfirðingar ánægju sinni með þetta framtak Gunnars Smára og Rímufélaga. En alltaf má gera ráð fyrir mismunandi sjónarmiðum eins og gengur. Álit nokkurra kom fram í Facebókarfærslu Brynju Baldursdóttur hönnuðar sem hún deildi með vinum sínum 22. ágúst. Þar skrifaði hún: „Hrós dagsins fær Kvæðamannafélagið Ríma fyrir kveðskapinn sem ómar frá kirkjuturninum tvisvar á dag. Það fer um mig sælutilinning í hvert sinn sem ég heyri þessa dásemd. Vona að þetta sé komið til að vera og fastur liður í lífinu á Sigló. Takk fyrir mig.“ Kristín Sigurjónsdóttir bætti við: „Sammála þér Brynja. Ríma lyftir sannarlega upp bæjarbragnum með þessum rammíslensku tónum!“ Ennfremur skrifaði Helgi Svavar Helgason tónlistarmaður: „Þetta er svo mikil snilld, ein sterkasta list upplifun þessa árs að mínu mati. Meiriháttar.“

Á meðfylgjandi ljósmynd má sjá gjörningsfólkið. Aftari röð frá vinstri: Örlygur Kristfinnsson, Sigurður Hlöðvesson, Gústaf Daníelsson og Þorgeir Gunnarsson. Fremri röð frá vinstri: Margrét Ásgeirsdóttir og Svanfríður Halldórsdóttir.



Mynd og texti: Sigurður Ægisson | sae@sae.is.
Hljóðskrá: Gunnar Smári Helgason | gsmari@gmail.com.
Fylgja: Úr Morgunblaðinu í dag.